

- 67 Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkaahrepps, samkvæmt lög-
22. apríl um nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. apríl 1942.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

- 68
30. apríl

AUGLÝSING

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða hafnarstaði, til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

Undanþága sú, sem færeyskum og íslenskum skipum var veitt með auglýsingum 19. janúar og 3. febrúar þ. á., til þess að mega fá fyrstu og síðustu afgreiðslu á Hornafirði, hefur verið framlengd til maíloka þ. á.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1942.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

- 69
7. maí

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Ísafjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gert eftirfarandi samþykkt:

Ísafjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á eftirgreindum fasteignum á kaupstaðarlóðinni:

1. Edinborg með lóðum og mannvirkjum, eign Kaupfélags Ísfirðinga.
2. Norðurtanginn, lóð og bryggja, eign Hálfðáns Hálfðánssonar.
3. Miðkaupstaðareignin, Sundamegin, eign Guðmundar Björnssonar.
4. Aðalstræti nr. 8, lóðin, eign Magnúsar Kárasonar og Stefáns Richter.
5. Aðalstæti nr. 11, lóðin, eign Jónu Hálfðánardóttur og Stígs Guðjónssonar.
6. Aðalstræti nr. 13 og 15, lóðin, eign Hallgríms Péturssonarð Valdimars Þorvarðssonar, Ólafs Magnússonar o. fl.
7. Aðalstræti nr. 20, lóðin, eign frú Ásu Grímsson.
8. Hafnarstræti nr. 11, lóðin, eign Gísla Indriðasonar og Arngríms Fr. Bjarnasonar.
9. Lóð Guðjóns L. Jónssonar við Hafnarstræti, svo nefnt Félagshús bænda.
10. Hafnarstræti nr. 1, lóðin, eign Elíasar J. Pálssonar.
11. Hafnarstræti nr. 3, lóðin, eign Finnbjarnar Finnbjörnssonar.

12. Lóðin undir búð Soffiu Jóhannesdóttur, eign Óla Ketilssonar.
13. Silfurgata nr. 2, lóðin, eign Karls Olgeirssonar.
14. Silfurgata nr. 4, lóðin, eign Jóns I. Magnússonar.
15. Silfurgata nr. 6, lóðin, eign Sigríðar Guðmundsdóttur.
16. Silfurgata nr. 8, lóðin, eign Kristjáns Jónssonar.
17. Silfurgata nr. 8 a, lóðin, eign Sigurðar Ásgeirssonar.
18. Silfurgata nr. 12, lóðin, eign Sigríðar Ísaksdóttur o. fl.
19. Silfurgata nr. 12 a, lóðin, eign Valgerðar Hafliðadóttur.
20. Silfurgata nr. 14, lóðin, eign Eyjólfss Bjarnasonar.
21. Lóð Jóns Þorbergssonar o. fl. við Skipagötu.
22. Lóð Ástmars Benediktssonar við Sundstræti.
23. Lóð Guðmundar Björnssonar milli Skipagötu og Sundstrætis.
24. Lóð Skúla Þóðarsonar og Júlíusar Guðmundssonar, fyrrverandi eign Andreu Filippusdóttur, við Sundstræti.
25. Lóð Ágústs Péturssonar við Sundstræti og Skipagötu.
26. Lóð Sigurgeirs Sigurðssonar við Sundstræti og Skipagötu.
27. Lóð Guðmundar Pálssonar, Skipagötu 14.
28. Lóð Benedikts Egilssonar og Jónínu Egilsdóttur, Skipagötu 12.
29. Lóð Ragnars Guðjónssonar o. fl., Aðalstræti 12.
30. Lóð Óla og Ágústs Péturssonar undir svo nefndum Ásgeirshjalli.
31. Eignarlóð h/f Fiskimjöl á Torfnesi.

69

7. maí

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. maí 1942.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

70

9. maí

um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála.

1. gr.

Ríkið hefur einkarétt á:

1. að stofna og reka hvers konar fjarskiptavirki á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi,
2. að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki eða hluta þeirra.

2. gr.

Póst- og símamálastjórnin annast framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í 1. gr. getur, og hefur eftirlit með því, að gildandi alþjóðafyrirmælum, milliríkjasamningum, lögum, reglugerðum og fyrirmælum um fjarskiptamál sé fylgt, þar á meðal gildandi fyrirmælum til öryggis mannlífa á sjó, að því er snertir radiotæki í íslenskum skipum og rekstur þeirra. Þó er undanskilin framkvæmd þeirra mála,